

KJARASAMNINGUR

milli

Sameykis

og

**Ríkisútvarpsins ohf.
ásamt RÚV sölu**

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Sameykis og Ríkisútvarpsins ohf. ásamt RÚV sölu. Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022.

2. gr.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2023 til 29. febrúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. janúar 2023 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. janúar 2023.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. janúar 2023, nema um annað hafi verið samið.

Persónu- og orlofsuppbót

Persónuuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. janúar 2023 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 18. apríl 2023.

Reykjavík, 31. mars 2023

F.h. Sameykis stéttarfélags

Ríkisútvarpsins ohf. og RÚV sölu

Fylgiskjal

Launatafla	1.1.2023
Byrjunarlaun	436.988
Eftir 3 ár	446.419

Fylgiskjal

Verkátun

Með framlengingu á kjarasamningi aðila til 29. febrúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Á fyrsta fundi hvers hóps verður vinna hópsins skipulögð, metið verður umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátun.

	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Uppfærsla kjarasamnings	September 2023	Október 2023
Vinnutími og sveigjanleiki	Október 2023	Nóvember 2023
Önnur mál	Nóvember 2023	Desember 2023